

Athugasemd við tillögu að aðalskipulagi Mýrdalshrepps 2012-2028.

Við undirrituð erum bæði fædd og uppalin í Mýrdal og eigum ásamt börnum okkar sumarhús í landi Vatnsskarðshóla. Við gerum athugasemd við róttækar breytingar á Þjóðvegi 1 í Mýrdal. Veglínan kemur til með að skera í sundur lönd bænda og stórspilla einstöku votlendissvæði við Dyrhólaós, hið sama má segja um Víkurfjöru. Eru engir aðrir kostir skoðaðir um veglínu, þar sem saman fara umferðaröryggi og náttúruvernd? Hvað okkur varðar sæum við fram á stóraukna umferð með tilheyrandi mengun og hávaða, sem er ekki það sem við sumarbústaðafólk sækjumst eftir. Við vonum sannarlega að allir kostir fái vandlega umfjöllun með umhverfisvernd og almannaheill í huga.

Með góðri kveðju,

Óskar H. Ólafsson kt. 230931-3999 og Margrét S. Gunnarsdóttir kt. 200739-5909,
Dælengi 2, 800

Selfoss